

Fimmtudaginn 3. desember 1998.

Nr. 10/1998.

**Magnús Friðgeirsson**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

**Kaupgarði hf.**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

**og gagnsök**

Kaupsamningur. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 7. janúar 1998. Hann krefst aðallega sýknu af greiðslukröfu gagnáfrýjanda, en til vara, að krafan verði lækkuð og vextir reiknaðir frá dómsuppsögudegi. Til þrautavara er krafist staðfestingar héraðsdóms. Aðaláfrýjandi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað 2. júní 1998. Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 231.884 bandaríkjadali ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, aðallega frá 21. júní, en til vara 21. júlí 1995 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi krefst til vara staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnaskýrslna, sem teknar voru í Héraðsdómi Reykjavíkur 10. mars 1998 að ósk aðaláfrýjanda.

Við gerð samkomulagsins 17. apríl 1995 lágu fyrir tvenn bráða-birgðauppgjör um rekstur og efnahag Hljómco hf., og sýndu þau bæði mun lakari stöðu en aðaláfrýjandi telur sig hafa haft ástæðu til að vænta. Með eðlilegri varfærni og markvissri skoðun bókhaldsgagna hefði hann í síðasta lagi á þessum tíma átt að gera sér grein fyrir, að hugmyndir hans um félagið voru ekki raunhæfar. Hann kaus að semja frekar við gagnáfrýjanda og Svavar Helgason, sem efndu skuldbindingar sínar samkvæmt 4. tl. samkomulagsins á

tveimur mánuðum. Við svo búið getur aðaláfrýjandi ekki borið fyrir sig málsástæður um forsendubrest.

Með þessum athugasemdum verður héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Aðaláfrýjandi skal greiða gagnáfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Magnús Friðgeirsson, greiði gagnáfrýjanda, Kaupgarði hf., 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Tilboð aðaláfrýjanda um kaup á hlutafélaginu Hljómco í Reykjavík var gert 29. mars 1995 og samþykkt sama dag af hálfu gagnáfrýjanda. Á grundvelli þess voru aðaláfrýjanda afhent umráð yfir verslunarrekstri félagsins miðað við 1. apríl sama ár og kaupsamningur undirritaður 3. sama mánaðar. Fram er komið, að báðum aðilum hafi verið hafgengt, að kaupin gengju fram án tafar, þar sem aðaláfrýjandi var á lausum kili, en gagnáfrýjandi hafði nýlega eignast allt hlutafé félagsins í kaupum við annan aðila án þess að ætla sér að taka við rekstri þess til frambúðar. Með hliðsjón af því og orðum kaupsamningsins verður að meta efni hans svo, að fyrirvarar í tilboðinu hafi haldist í gildi, eftir því sem við gat átt. Bráðabirgðauppgjör á rekstrinum, sem fyrir lá hinn 3. apríl, náði til ársloka 1994, en uppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung 1995 kom ekki fram fyrr en um miðjan mánuðinn. Síndu þau bæði lakari afkomu en aðilar höfðu vænst, auk þess sem aðaláfrýjandi hafði komist að raun um, að staða félagsins væri í hættu vegna skulda við erlenda birgja þess. Í framhaldi af því gerðu málsaðilar hinn 17. apríl samkomulag með þátttöku fyrri eiganda félagsins, þar sem staðfest var, að lausir endar væru á kaupsamningnum. Var þar ákveðið, að gagnáfrýjandi og fyrri eigandinn tækju að sér að létta í bili á erfiðustu skuldum félagsins, en aðaláfrýjandi átti að ræða við erlenda birgja um framhald á viðskiptum. Urðu menn sammála um, að „gerð nýs kaup-

samnings og útfærsla hans“ skyldi bíða, þar til þessum aðgerðum væri lokið. Um var og samið, að aðaláfrýjandi mætti greiða kaupverð annarra verðmæta en vörubirgða í bandaríkjadöllum, og þá samhliða aðgerðunum, í stað þess að greiða það í íslenskum krónum 1. apríl næsta ár samkvæmt veðtryggðu skuldabréfi.

Af hinum tilvitnuðu orðum samkomulagsins og efni þess að öðru leyti er ljóst, að það var gert til að afstýra riftun á kaupunum og án röskunar á þeim fyrirvörum, sem aðaláfrýjandi hafði áður gert um stöðu félagsins. Jafnframt er nægilega sannað, að fyrirhuguð breyting á kaupverði viðskiptavildar yfir í bandaríkjadali hafi ekki falið í sér lækkun á verðinu, sem máli væri metandi, heldur hafi hún stuðst við vonir um hækkun á gengi þessa gjaldmiðils ásamt styttingu tímans fram að greiðslu úr hendi aðaláfrýjanda.

Hér fyrir dómi deila aðilar ekki um þær niðurstöður hins áfrýjaða dóms, er lúta að verðmæti vörubirgða félagsins, heldur aðeins um hið umsamda kaupverð viðskiptavildar, áhalda, tækja, innréttinga og bifreiðar, að meðtöldum öllum erlendum viðskiptasamböndum. Telur gagnáfrýjandi það nema 231.884 bandaríkjadöllum, sbr. 5. lið samkomulagsins 17. apríl 1995. Á það verður að fallast með aðaláfrýjanda, að sannað sé, að fjárhagsstaða félagsins hafi við endanlegt uppgjör reynst til muna lakari en honum var gefið til kynna í byrjun. Hafi hann haldið fyrirvörum í tilboði sínu svo til haga við þá samningsgerð, sem á eftir fór, að hann eigi rétt til afsláttar á kaupverðinu af þessum sökum. Sá réttur takmarkast þó af því, að hann hefur ekki sannað, að verðið hafi miðast við bein fyrirheit um tiltekna arðgjöf í rekstri félagsins.

Í málinu liggja fyrir tvær matsgerðir um verðmæti umræddra eigna, en hvoruga er unnt að leggja til grundvallar óbreytta, þar sem hin fyrri styðst við of þröngan skilning á inntaki viðskiptavildar miðað við það, sem ætla má um viðhorf aðila, og hin síðari er um of háð kaupverðinu sjálfu og athugun á því, hvort það hafi verið bersýnilega ósannjarnt. Um fjárhæð afsláttar verður því að fara að álitum að nokkru leyti. Með hliðsjón af atvikum að framvindu kaupanna ásamt því, sem fram er komið um fjárhag félagsins og erlend viðskiptasambönd þess, er það niðurstaða mín, að hæfilegt kaupverð úr hendi aðaláfrýjanda sé 165.000 bandaríkjadalir. Beri að dæma hann til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð með dráttarvöxt-

um samkvæmt 11. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsupp-sögu í héraði 28. október 1997 til greiðsludags. Málskostnaðar-ákvæði héraðsdóms haldist óraskað, en málskostnaður fyrir Hæsta-rétti falli niður.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1997.**

Mál þetta var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu af Helga V. Jóns-syni hrl., lögmanni stefnda, 7. febrúar 1996 til þingfestingar hér fyrir dómi 8. sama mánaðar.

Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 10. september sl.

Stefnandi málsins er Kaupgarður hf., kt. 641073-0169, Pönglabakka 1, Reykjavík, en stefndi er Magnús Friðgeirsson, kt. 200850-7699, Kleifarási 6, Reykjavík.

#### *Dómkröfur.*

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda:

1) USD 231.884 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. júní 1995 til greiðsludags,

2) 5.644.701 kr. auk 6% vaxta p. a. frá 1. apríl 1995 til 1. ágúst s. á, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðslu-dags,

3) málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að greiðsla á 5.644.701 krónu vegna uppgjörs á mismun veltufjármuna og skulda verði háð skilyrði um afhend-ingu stefnanda á víxli, að fjárhæð 4.005.016 kr., sbr. dskj. nr. 12, bls. 9, og að vextir verði aðeins reiknaðir frá dómsuppsögudegi, en stefndi verði að öðru leyti sýknaður, til vara, að krafa stefnanda um, að greiðsla samkvæmt 2. gr. kaupsamnings aðila, dómskjali nr. 4, sbr. 5. tl. samkomulags, dómskj. nr. 5, verði lækkuð og vextir reiknaðir frá dómsuppsögudegi, og að stefnanda verði í báðum tilvikum gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

#### *Málavextir, málsástæður og lagarök.*

Málavextir eru í stórum dráttum sem hér segir:

29. mars 1995 gerði stefndi stefnanda tilboð um kaup á öllu hlutafé hluta-félagsins Hljómcos hf. fyrir 16.000.000 kr. að viðbættum mismuni veltufjár-muna og skulda. Hlutafé félagsins var að nafnverði 1.500.000 kr. Í tilboðinu segir, að nánar tiltekið sé um að ræða allan rekstur verslunarinnar Hljómcos

hf., viðskiptavild, áhöld og tæki, innréttingar, bifreið svo og öll erlend viðskiptasambönd ásamt öllu, er fylgir og fylgja ber. Þar kemur og fram, að vörubirgðir verði taldar sérstaklega á kostnaðarverði og greiddar með nánar skilgreindum skilmálum. Enn fremur segir þar: „Afhending alls hins selda fari fram 1. apríl 1995. Bókhald félagsins verður gert upp miðað við afhendingardag. Kaupandi mun yfirtaka mismun á veltufjármunum og skuldum, eins og hann liggur þá fyrir, þ. m. t. skuld við Olympus, ca. 5.000.000 kr. Mun sá mismunur greiðast með 24 jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Framsal á hlutafé/hlutabréfum mun fara fram við afhendingu. Kaupandi mun losa seljanda undan öllum persónulegum ábyrgðum, sem hluthafar eru í vegna hlutafélagsins. Kaupanda er ljóst, að verslunin Hljómco er rekin í leiguhúsnæði, en skriflegur leigusamningur er ekki gerður. Tilboð þetta er gert með fyrirvara um eftirfarandi: A) Nánari skoðun bókhaldsgagna og að tilboðsgjafi sætti sig við þær upplýsingar, er þar koma fram. B) Að erl. birgjar samþykki hluthafaskiptin í félaginu. C) Kaupandi yfirtaki allar skuldir til birgja. D) Eingöngu verði greitt fullt kostnaðarverð fyrir vörur á lager, sem kaupandi telur söluhafar. E) Húsaleigusamningur þarf að hafa áunninn sex mánaða uppsagnarfrest.“

Stefnandi samþykkti kauptilboð stefnda með áritun sinni á það sama dag. 3. apríl s. á. var kaupsamningur gerður á grundvelli hins samþykta kauptilboðs stefnda. Þar kemur fram, að stefnandi hafi eignast allt hlutafé/hlutabréf í Hljómco hf. með kaupsamningi við Svavar Helgason, dagsettum 7. mars 1995 (9. gr. samningsins).

Málaðilar eru sammála um það, að legið hafi fyrir bráðabirgðauppgjör félagsins, dags. 2. apríl, þegar kaupsamningurinn var gerður, sem sýndi 322.190 kr. hagnað árið 1994.

Í 2. gr. samningsins er kaupverðið tilgreint 16.000.000 kr., eins og kauptilboð stefnda kvað á um, og skyldi það greitt með fasteignatryggðu skuldaþréfi með föstum 6% ársvöxtum og greiðast í einu lagi 1. apríl 1996. Í 4. gr. kemur m. a. fram, að kaupandi muni yfirtaka mismun á veltufjármunum og skuldum miðað við afhendingardag, 1. apríl, og greiða stefnanda þannig myndaða fjárhæð með þremur jöfnum greiðslum á fjögurra mánaða fresti, í fyrsta sinn fjórum mánuðum eftir afhendingu, ásamt 6% ársvöxtum. Í sömu grein segir, að bráðabirgðauppgjör liggja fyrir um eignir og skuldir félagsins miðað við síðustu áramót aðrar en vörubirgðir, viðskiptavild og þær eignir aðrar, sem innifaldar séu í umsömdu kaupverði. Bókhald félagsins skuli gert upp miðað við afhendingardag, þar sem allar eignir og skuldir verði nákvæmlega stemmdar af.

Þegar stefndi gerði kauptilboð, lágu m. a. þær upplýsingar fyrir sam-

kvæmt yfirlýsingu Stefáns Sigtryggssonar viðskiptafræðings, sem annaðist bókhald Hljómcos hf., að gera mætti ráð fyrir, að eignamyndun í félaginu á ársgrundvelli næmi 3–5 milljónum króna miðað við þáverandi rekstrargrunn, og miðað væri við, að framlegð yrði áfram með sama hætti. Yfirlýsing Firmasölnunnar hf., sem annaðist sölu félagsins fyrir stefnanda, er á sömu leið, en þar kemur einnig fram, að fyrirtækið ætti að geta skilað allt að 5–7 milljóna hagnaði á ári að áliti Baldurs Guðmundssonar og Stefáns Sigtryggssonar. Í yfirlýsingu Firmasölnunnar hf. er þess og getið, að verðmæti umboða félagsins fyrir Olympus og Nintendo gæti numið allt að 14 milljónum kr. ein og sér. Hans Petersen hf. hafi gert tilboð í umboðin, að fjárhæð 9 milljónir króna. Þetta hafi verið fyrsta tilboð og því líklegt, að betra boð hefði fengist, ef þáverandi forráðamenn félagsins hefðu sýnt áhuga á sölu þessara umboða. Hins vegar hafi ekki þótt rétt að selja umboðin, enda myndi það hafa haft áhrif á sölumöguleika félagsins í heild.

Um miðjan apríl 1995 lauk Stefán Sigtryggsson bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1994 og fyrstu þrjá mánuði ársins 1995. Uppgjörið er dags. 15. apríl og sýndi 114.203 kr. í hagnað v/ ársins 1994, en tap á tímabilinu frá 1. janúar 1995 til 1. apríl s. á. að fjárhæð 2.041.156 kr.

Í tilefni þess, að afkoma félagsins reyndist mun verri en vonir stóðu til, gerðu málsaðilar viðbótarsamkomulag, sem dagsett er 17. apríl. Það er svohljóðandi:

„Undirritaðir f. h. Kaupgarðs hf., kt. 641073-0169, og Svavar Helgason, kt. 120851-2259, annars vegar og Magnús Friðgeirsson, kt. 200850-7699, hins vegar gerum með okkur svofellt samkomulag:

1) Samkomulag er um til að uppfylla lausa enda vegna kaupsamnings, dags. 3/4 1995, milli Kaupgarðs hf. og Magnúsar um kaup á Hljómco hf., að aðilar vinni í þeim málum, sem rakin verða hér á eftir.

2) Magnús mun fara og heimsækja þá erlendu birgja, sem eftir er að ræða við, en þeir eru: Nintendo, Olympus, Yamaha, Finlux, Tec og Samsui. Þessum heimsóknum skal lokið fyrir næstkomandi mánaðamót, ef mögulegt er.

3) Magnús Friðgeirsson og Svavar Helgason munu yfirfara birgðatölningu og heimalager og lager í tollvörugeymslu og ganga frá niðurfærslu vegna gallaðra og úreltra vara. Rætt hefur verið um 2% niðurfærslu á tollvörugeymslulager og 7% á töldum heimalager, en lokaákvörðun bíður yfirferðar Magnúsar og Svavars.

4) Svavar Helgason tekur að sér að létta af félaginu yfirdrátt á hlaupa-reikningi nr. 71 við Íslandsbanka, 5.000.000 kr. Kaupgarður hf. tekur að sér að greiða A) skuld við Olympus, sem mun vera um DEM 156.000,00, og þar með að greiða 1/3 af skuldinni þriðjudaginn 18. apríl 1995, en eftirstöðv-

ar skulu tryggðar með bankaábyrgð. B) Samþykktir víxlar samkv. bráða-birgðauppgjöri, að fjárhæð samtals 2.120.622 kr.

5) Fyrirhugað er, að í stað tryggingarbréfs, að fjárhæð 16.000.000 kr., komi greiðsla í bandaríkjadollurum, að fjárhæð USD 231.884, sem greidd verði, þegar lokið hefur verið við endanlegt uppgjör við Olympus.

6) Aðilar eru sammála um, að gerð nýs kaupsamnings og útfærsla hans bíði, þar til að framangreindum atriðum hefur verið lokið.

7) Svavar tekur að sér að sjá um, að endurskoðandi Hljómcos hf., Stefán Sigtryggsson, ljúki við afstemmingar á bókhaldsreikningum, svo að hægt sé að leggja fram rétt bókhald.

Samningsaðilar ganga þannig frá málum, að Magnús Friðgeirsson geti afhent Kaupgarði hf. strax um það bil helming af þeirri fjárhæð, sem greiða á með skuldabréfi vegna birgða, enda fái Magnús tryggingu í birgðum á móti. Þetta er gert með það í huga að tryggja Magnús gagnvart því, ef samningar ganga til baka.“

19. maí s. á. lá fyrir lokauppgjör Stefáns Sigtryggssonar. Þar kom fram, að tap á reglulegri starfsemi árið 1994 nam 961.993 kr., en samsvarandi á fyrsta fjórðungi ársins 1995 2.820.658 kr. Viðbrögð stefnda við þessari útkomu voru þau, að hann sendi stefnanda ábyrgðarbréf, dags. 13. júní s. á., og tilkynnir, að kaupunum sé rift á þeirri forsendu, að „fyrirtækið stenst ekki þá lýsingu, sem gefin var við sölu á því og staðfest er með því uppgjöri, sem nú liggur fyrir“. Í svarbréfi lögmanns stefnanda, dags. 20. júní s. á., var krafa gerð um full skil umsaminnar greiðslu, að fjárhæð USD 231.884, enda hefðu stefnandi og Svavar Helgason uppfyllt umsamda skilmála samkomulagsins frá 17. apríl s. á.

Með bréfi, dags. 30. júní s. á., ítrekaði lögmaður stefnda tilmæli um, að fallist yrði á riftunarkröfu umbj. síns fyrir 4. júlí, ella sæi hann sig knúinn til að afturkalla riftun sína, en krefjast þess í stað lækkunar á kaupverði viðskiptavildar, vörulagers og annars, er falist hafi í kaupunum, eins og þar greinir. Þessu var hafnað af hálfu lögmanns stefnanda með bréfi, dags. 6. júlí, og þess krafist, að stefndi stæði við gerða samninga, ella yrði löghald gert í eignum stefnda til fullnustu skuldbindinga hans. Í bréfi, dags. 27. júlí s. á., var á það bent af hálfu lögmanns stefnda, að umbj. hans hefði fullgreitt andvirði veltufjármuna félagsins að frádregnum skuldum samkvæmt uppgjöri Stefáns Sigtryggssonar, og áréttuð nauðsyn þess, að ágreiningi aðila yrði ráðið til lykta sem fyrst. Þar var stungið upp á þremur valkostum til lausnar málsins, í fyrsta lagi, að kaupin gengju til baka, í annan stað, að stefnandi féllist á að ljúka málinu með móttöku á USD 190.000, og loks, að aðilar létu fara fram mat á hæfilegu kaupverði hins selda að teknu tilliti til

fjárhagslegrar stöðu félagsins við yfirtöku og lýsingu Stefáns Sigtryggssonar og milligönguaðila.

Samkomulag varð um að óska sameiginlega eftir mati dómkvaddra matsmanna. Í matsbeiðni, sem dags. er 13. september 1995 og undirrituð af lögmonnum beggja málsaðila, er þess óskað, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta:

„1. Hæfilegt kaupverð viðskiptavildar og fastafjármuna Hljómcos hf. í ljósi fjárhagslegrar stöðu félagsins við yfirtöku þess 1. apríl 1995, sbr. uppgjör félagsins 31. mars 1995 vegna eigendaskipta (fylgiskjal nr. 1), í samamburði við forsendur kaupsamnings aðila, dags. 3. apríl 1995 (fylgiskjal nr. 2), samkomulags aðila, dags. 17. apríl 1995 (fylgiskjal nr. 3), sölulýsingar Firmsölunnar hf., dags. 26. júní 1995 (fylgiskjal nr. 4), og bréfs endurskoðanda félagsins, Stefáns Sigtryggssonar, dags. 23. júní 1995 (fylgiskjal nr. 5).

2. Að meta hæfilegt verð fyrir vörubirgðir félagsins, þ. m. t. vörur á hafnarbakka og pantaðar vörur samkvæmt fyrirleggjandi talningu endurskoðanda félagsins (fylgiskjal nr. 1) í ljósi kaupsamnings aðila (fylgiskjal nr. 2) og samkomulag aðila (fylgiskjal nr. 3).“

Að frumkvæði stefnda gekk Stefán Sigtryggsson frá uppgjöri fyrir tímaibilið frá janúar 1995 til og með septembermánuði s. á., sem lá fyrir 17. október s. á. Lögmaður stefnda sendi lögmanni stefnanda uppgjörið með bréfi, dags. 18. október s. á., og kvað stefnda reiðubúinn til að afhenda stefnanda fyrirtækið með ákveðnum tilgreindum skilyrðum, sem einkum fælust í því, að stefndi yrði leystur undan þeim greiðsluskuldbindingum, sem hann hafði undirgengist í tengslum við rekstur félagsins, honum skilað skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 5.000.000 kr., eins og það stæði eftir greiðslu síðustu afborgunar, og honum greiddar 300.000 kr. í laun á mánuði þann tíma, sem hann hefði staðið fyrir rekstri félagsins. Svar yrði að berast 20. október, en þá stæði til að dómkveðja matsmenn.

Þessu var hafnað af hálfu stefnanda, og því fór fram dómkvaðning matsmanna. Dómkvaddir voru endurskoðendurnir Símon Á. Gunnarsson og Stefán Svavarsson.

Matsgerð þeirra er dagsett 30. apríl 1996, en þá hafði málið verið þingfest hér fyrir dómi, eins og áður segir.

Niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna var sem hér segir:

#### *Um 1. matslið, viðskiptavild.*

Matsmenn skilgreina viðskiptavild með þeim hætti, að hugtakið feli í sér möguleika fyrirtækis til þess að afla meiri tekna á næstu árum en gengur og gerist. Sé þessi hæfileiki ekki, sé ekki um viðskiptavild að ræða. Því sé ljóst,

að viðskiptavild sé hagnaðarhugtak, en ekki veltuhugtak. Afkoma liðins tíma skipti því aðeins máli sem leiðbeining um framtíðarafkomu. Það sé aftur á móti mat á framtíðarafkomu, sem segi til um, hvort viðskiptavild sé eða ekki. Matsmenn líta síðan til þeirra uppgjöra, sem fyrir lágu um afkomu félagsins á tímabilinu frá 1. janúar 1994 til og með september 1995. Annars vegar var um að ræða nokkur uppgjör Stefáns Sigtryggssonar, en hins vegar uppgjör, sem bókhaldsskrifstofan Keilir hf. hafði tekið saman að beiðni lögmanns stefnanda.

Uppgjör Stefáns Sigtryggssonar sýni eftirfarandi afkomu af reglulegri starfsemi og stöðu félagsins á tilgreindum tímabilum:

		Afkoma	Eigið fé í lok
Jan.-des. 1994	tap	962 þús.	836 þús.
Jan.-mars '95	tap	2.820 þús.	836 þús.
Jan.-ágúst '95	tap	1.526 þús.	2.005 þús.
Jan.-sept. '95	tap	1.904 þús.	129 þús.

Matsmenn láta þess getið, að breytingar á eigin fé stemmi ekki við sýnda afkomu, þar sem Stefán færi tapið ekki til breytinga á eigin fé, heldur á sérstaka reikninga eigenda.

Uppgjör Keilis hf.:

		Afkoma	Eigið fé í lok
Jan.-des. 1994	hagn.	1.201 þús.	3.177 þús.
Jan.-mars '95	tap	2.090 þús.	11.789 þús.

Skýring matsmanna á þessum mismun er sú, að framlög eigenda séu færð til hækkunar á eigin fé í uppgjóri Stefáns, en mismunur á afkomu ráðist af ólíkri meðferð á meðhöndlun lögfræðikostnaðar og niðurfærslu vörubirgða.

Í aðfaraorðum sínum vísa matsmenn til þess árangurs, sem rekstur félagsins hafi skilað á framangreindu tímabili, en segja svo í niðurlagsorðum sínum um þennan matslið: „Það er okkar mat, að ofangreindar upplýsingar um afkomu og eigið fé fyrirtækisins bendi eindregið til þess, að árangur af starfseminni gefi ekki tilefni til að ætla, að fyrirtækið ávaxti sig betur en gengur og gerist, en einmitt það væri til vitnis um viðskiptavild. Þvert á móti benda tölurnar til þess, að reksturinn fyrir tímabilið jan.-mars 1995 hafi verið slæmur og fyrirtækið þurft að þola verulegan taprekstur. Með hliðsjón af þessu er það niðurstaða okkar, að í rekstri félagsins, eins og hann birtist fyrir ofangreind tímabil, felist engin viðskiptavild. Niðurstaða þessi byggist einnig á því, að ekkert það kemur fram í gögnum málsins, sem styður það, að afkoman verði á næstu árum önnur og betri en sú, sem hér greinir.“

Matsmenn vekja athygli á því, að nokkur verðmæti geti verið fólgin í fyrirtækinu, enda þótt þar sé ekki viðskiptavild til að dreifa að þeirra mati. Líta verði á þau tilboð, sem gerð hafi verið í tiltekinn hluta rekstrarins, eins og gögn málsins beri með sér, frá sjónarmiði tilboðsgjafa, sem byggist á betri nýtingu starfsmanna og aðstöðu hans til að sinna nýjum verkefnum, án þess að stofna þurfi til aukins rekstrarkostnaðar. Nýtt verkefni skili því auknum brúttóágóða, og fyrir þann ágóða megi vel borga einhverja fjárhæð, svo sem tilboðin beri með sér.

Niðurstaða matsmanna var því sú, að rekstur félagsins fæli ekki í sér viðskiptavild.

*Um 2. matslið, verðmæti vörubirgða.*

Í þessum þætti matsgerðarinnar taka matsmenn annars vegar afstöðu til verðmats á vörubirgðum félagsins, sem uppgjör Stefáns Sigtryggssonar frá 19. maí 1995 byggðist á og varðar tímabilið frá 1. janúar 1995 til 31. mars s. á., og hins vegar til þess verðmats sömu eigna, sem miðað var við í uppgjöri Keilis hf. við yfirtöku stefnda 1. apríl s. á., og leggja því næst mat á kröfur málsaðila, sem studdar eru þessum tveimur ólíku uppgjörum.

Uppgjör Stefáns Sigtryggssonar sundurliðast þannig:

	Heimalager	Tollvörugeymsla	Samtals
Vörubirgðir skv. talningu	11.048.122	16.508.687	27.556.809
Niðurfærsla	<u>1.711.736</u>	<u>4.030.028</u>	<u>5.741.764</u>
	9.336.386	12.478.659	21.815.045

Vakin er athygli á því, að Stefán hafi tekið fram í áritun sinni á uppgjörið, að verðmæti vörubirgða sé ákveðið af öðrum og hann hafi upplýst matsmenn um það, að starfsmenn Hljómcos hf. hafi unnið að talningunni og niðurfærslunni.

Í matsgerðinni er þess getið, að krafa stefnda miðist við það, að vörubirgðir félagsins á yfirtökudegi verði verðlagðar á 21.815.045 kr. að frádrægnum umsömdum frádrætti, 7% og 2%, samkvæmt samkomulagi aðila frá 17. apríl 1995. Lækki því verðmæti heimalagers um 653.547 kr., en lagers í tollvörugeymslu um 530.623 kr., samtals um 1.184.170 kr. Verðmæti vörubirgða verði því 20.630.875 kr.

Matsmenn gera þá athugasemd, að frádráttarfjárhæð af tollvörugeymslulager reiknist ekki af eignfærðu verðmæti lagersins, heldur af heildarlagerverði, þ. e., að við CIF-verð sé bætt tollum og öðrum kostnaði, áður en 2% frádrátturinn sé reiknaður. Fjárhæðin sé því hærri en 2% af eignfærðu birgðaverði lagersins (sbr. niðurstöðu þessa matsliðar).

Stefnandi geri aftur á móti kröfu til þess, að verðmæti vörubirgða miðist við talningu, þ. e. 27.556.809 kr., að viðbættri niðurfærslu birgðanna frá 31. desember 1994, að fjárhæð 1.103.161 kr., samtals 28.659.970 kr.

Matsmenn líta svo á, að hækkun vörubirgðanna sem svari niðurfærslunni 31. desember 1994 stafi af misskilningi, og leggja því til grundvallar það verðmat, sem fólst í talningu starfsmanna Hljómcos hf., þ. e. 27.556.809 kr.

Í aðfaraorðum að niðurstöðu segir svo: „Ljóst er, að niðurfærsla á verðmæti vörubirgða er alltaf reist á huglægu mati og aldrei verður sett fram nein sú fjárhæð, sem fullt verður, að sé rétt matsverð vörubirgða. Þeir aðilar, sem unnu tillögur að niðurfærslu vörubirgðanna, eru væntanlega þeir, sem besta innsýn hafa í seljanleika einstakra vara og besta þekkingu á sölu-reynslu vörunnar. Hins vegar verður ekki horft fram hjá þeirri staðreynd, að þeir eru undir húsbóndavaldi kaupanda fyrirtækisins og verða því ekki taldir óháðir aðilar, enda þótt hér verði ekki efast um vilja þeirra til að setja fram hlutlaust mat. Í samkomulagi aðila frá 17. apríl 1995 eru settar fram hugmyndir um 2% niðurfærslu á tollvörugeymslulager og 7% á töldum heimalager. Enda þótt þessar hlutfallstölur séu settar fram með fyrirvara í samkomulaginu, hafa aðilar væntanlega talið sig vera nálægt einhverri ásættanlegri niðurstöðu með þessum hlutföllum. Að virtum öllum þeim gögnum, sem við höfum um vörubirgðirnar, tillögum um niðurfærslu þeirra og gögnum um vörusölu eftir kaupin, teljum við, að niðurfærsla verðmætis vörubirgðanna, sem byggist á þessum hlutföllum, geti talist sanngjörn.

Niðurstaða. Með vísan til umfjöllunar hér að framan er það niðurstaða okkar, að hæfilegt verð fyrir vörubirgðir Hljómcos hf. sé 26.172.216 kr., sem sundurliðast þannig:

	Heimalager	Tollvörugeymsla	Samtals
Vörubirgðir skv. talningu	11.048.122	16.508.687	27.556.809
Niðurfærsla 7%	773.369		773.369
Niðurfærsla 2% af birgðaverði, sem er 30.561.183		611.224	611.224
	<u>10.274.753</u>	<u>15.897.463</u>	<u>26.172.216“</u>

Matsgerðin var lögð fram í dóminum 6. júní 1996 við fyrstu fyrirtækt málsins eftir úthlutun þess. Stefnandi bauð fram greiðslu á grundvelli matsgerðarinnar að teknu tilliti til þeirra greiðslna, sem hann hafði þegar greitt stefnanda, samtals 5.568.701 kr., og sýndi sparisjóðsbók í réttinum með samsvarandi innstæðu. Jafnframt lýsti hann sig fúsan til að láta kaupin

ganga til baka gegn greiðslu á u. þ. b. 8.000.000 kr., sem hann taldi, að næmi framlagi sínu til fyrirtækisins og kaupanna. Lögmaður stefnanda taldi sig ekki geta tekið afstöðu til þessa boðs á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Í þinghaldi í málinu, sem haldið var 20. desember 1996, lagði lögmaður stefnanda fram beiðni um dómkvaðningu yfirmatsmanna.

15. janúar sl. voru eftirtaldir menn dómkvaddir: Ragnar Tómasson hdl., Þorsteinn Haraldsson og Stefán D. Franklín, en tveir hinir síðarnefndu eru löggiltir endurskoðendur.

Þeim var ætlað að meta eftirfarandi:

„1. Hvort umsamið kaupverð á viðskiptavild Hljómcos hf., að fjárhæð USD 231.884, hafi verið ósanngjarnt m. t. t. aðdraganda samnings, fyrirbyggjandi upplýsinga og viðskiptasambanda félagsins:

Hugtakið viðskiptavild er skilgreint hér sem möguleikar félagsins til tekjuöflunar á grundvelli samninga sinna við fjölmarga umboðsmenn, en markaðsstöðu sinnar að öðru leyti í víðtækasta skilningi orðsins. Hugtakið viðskiptavild er hér ekki takmarkað við sjónarmið um umframávöxtun (Super profit). Óskað er mats á viðskiptavild Hljómcos hf. á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem almennt gilda um ákvörðun söluberðs fyrirtækja.

2. Hver hafi verið niðurstaða rekstrarreiknings af reglulegri starfsemi félagsins árið 1994 miðað við, að hefðbundnum reikningsskilavenjum sé fylgt. Í þessu sambandi er sérstaklega óskað, að matsmenn tilgreini þá gjaldaliði, sem teljast óreglulegir eða falla utan við hefðbundin reikningsskil.

3. Hvert hafi verið eðlilegt og sanngjarnt söluberðmæti viðskiptasambandanna, einna og sér eða sem heildar, við sölu þeirra úr félaginu til þriðja manns.

4. Ef það er álit matsmanna, að framangreind fjárhæð teljist ekki sanngjörn eftir atvikum, er óskað eftir því, að matsmenn meti, hver teljist sanngjörn greiðsla fyrir viðskiptavild félagsins í þeirri merkingu, sem að framan greinir, í ljósi allra atvika.“

Lögmaður stefnda óskaði eftir því, að yfirmatsmönnum yrði einnig falið að leggja mat á verðmæti vörubirgða félagsins, og var það samþykkt af hálfu lögmanns stefnanda.

Matsgerð yfirmatsmanna er dagsett 12. maí 1997.

Í matsgerðinni hafna yfirmatsmenn skilningi undirmatsmanna á hugtakinu viðskiptavild m. a. með eftirfarandi rökum: „Við teljum, að við skilgreiningu á hugtakinu viðskiptavild verði að styðjast við ríkjandi venju í viðskiptum með fyrirtæki hér á landi. Það er mat okkar, að orðið viðskiptavild sé í íslensku viðskiptalífi notað sem samheiti margvíslegra viðskiptasambanda og aðstöðu, sem fyrirtæki hafa og talin eru styrkja starf-

semi þeirra og tekjuöflun. Fyrirtæki geta því að okkar mati notið verðmætrar viðskiptavildar, þótt rekstur þeirra á tilteknum tíma og í tilteknu umhverfi skili ekki hagnaði. Um það er þó ekki ágreiningur, að í orðinu viðskiptavild er fólgið fyrirheit um hagnað í framtíðinni. Þannig er ljóst, svo að dæmi sé tekið af hlutabréfamarkaði, að hlutabréf fyrirtækja, sem rekin eru með tapi, geta haft markaðsverð umfram eigið fé fyrirtækjanna. Markaðurinn er m. ö. o. að meta til fjár hvað eina, sem rennir stöðum undir framtíðarrekstur hlutafélagsins, svo sem veiðiheimildir, umboð o. s. frv. Samningsbundin umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eru oft einn verðmætasti þátturinn í viðskiptavild innflutningsfyrirtækja. Meðal málsskjala í matsmáli þessu er m. a. tilboð frá Hans Petersen hf., dags. 28. 2. 1995, í vörumerkin Olympus og Nintendo, að fjárhæð 9.000.000 kr., með fyrirvörum um framtíðarveltu. Það tilboð er dæmi um þau verðmæti, sem fólgin geta verið í umboðum eins og þeim, sem hér um ræðir.“

Niðurstaða yfirmatsmanna var svohljóðandi:

„Viðskiptavild.

Við mat á viðskiptavild Hljómcos hf. tókum við mið af þeirri fjárhæð, sem málsaðilar sjálfir sömdu um sín í milli, fyrst með kaupsamningi 3. apríl 1995 og nánar með samkomulagi 17. apríl 1995. Það er jafnframt mat okkar, að sú fjárhæð geti ekki talist bersýnilega ósanngjörn. Ekkert af því, sem fram hefur komið, eftir að kaupin voru gerð, teljum við, að réttlæti lækkun á því verði, sem samningar stefnda og stefnanda kveða á um. Við teljum því viðskiptavild Hljómcos hf. hæfilega metna á 231.884 bandaríkjadollara.

Vörubirgðir.

Að virtum þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram um vörubirgðir, tilögum um niðurfærslu og öðrum þeim gögnum, sem snerta verðmæti þeirra, þar á meðal samkomulag aðila frá 17. apríl 1995, er það niðurstaða okkar, að staðfesta beri þá niðurstöðu Símonar Á. Gunnarssonar og Stefáns Svavarssonar, löggiltra endurskodenda, að hæfilegt verð fyrir vörubirgðir Hljómcos hf. sé 26.172.216,00 krónur, – tuttugu og sex milljónir eitt hundrað sjötíu og tvö þúsund tvö hundruð og sextán krónur.“

Ragnar Tómasson hdl. skilaði svohljóðandi viðbótaráliti um viðskiptavild:

„Ef ekkert tillit er tekið til aðdraganda viðskiptanna og hverjir samningsaðilar eru og viðskiptavildin metin ein og sér eða sem heild við sölu hennar úr félaginu til þriðja manns, tel ég viðskiptavild Hljómcos hf. hæfilega verðmetna á 14.000.000 kr., – fjórtán milljónir króna 00/100.“

Að því er varðar matslið 2 í matsbeiðni, var niðurstaða yfirmatsmanna

sú, að hagnaður hefði orðið af reglulegri starfsemi félagsins árið 1994, sem næmi 2.183 þúsund kr., ef litið væri fram hjá sérgreiðslu til Olympus, sem falli undir óreglulega liði í rekstrarreikningi, en rekstartap, að fjárhæð 36 þúsund kr., væri reiknað með þessari greiðslu. Á fyrsta ársfjórðungi 1995 næmi tapið hins vegar 820–960 þús. kr., ef ekki yrði litið til gjaldaliða, að fjárhæð 1.142 þús. kr., sem væru rekstri félagsins óviðkomandi.

Yfirmatsmenn vekja athygli á því, að aðstæður félagsins hafi verið mjög óvenjulegar, þar til stefndi tók við rekstri þess, og nefna í því sambandi, að þeir aðilar, sem létu reksturinn af hendi árið 1994, hafi tekið við honum við gjaldprot fyrri rekstraraðila í maí 1993. Vörur hafi að hluta til verið keyptar af þrotabúinu, og félagið hafi verið að inna af hendi greiðslu á skuld þrotabúsins/búanna til erlendra umbjóðenda. Þær greiðslur og fleira af óreglulegum toga hafi blandast í bókfærslu félagsins árið 1994 og fyrstu mánuði ársins 1995.

### *Málsástæður og lagarök málsaðila.*

#### *Stefnandi.*

Stefnandi bendir á:

1. Að stefndi sé reyndur í viðskiptum og hafi verið kunnugt um allar bókhaldslegar forsendur Hljómcos hf. fyrir samningsgerðina. Honum hafi verið kynnt, að líkleg afkoma félagsins á árinu yrði þannig, að lítill sem enginn hagnaður yrði af rekstrinum, sbr. bráðabirgðauppgjör, dags. 15. apríl 1995. Hann hafi engu að síður ákveðið að halda sig við kaupin, en krafist bæði lækkunar á greiðslu fyrir viðskiptavild o. þ. h. úr 16.000.000 kr. í USD 231.884, sem þá hafi jafngilt u. þ. b. 14.000.000 kr., og breytinga á samningnum að ýmsu leyti. Hafi hann á grundvelli upplýsinga um bókhaldsstöðu félagsins farið fram á, að stefnandi legði félaginu til lánsfé, sem endurgreitt yrði með tilteknum hætti, en jafnframt sett það skilyrði, að fyrir lægi samþykki allra erlendra umbjóðenda félagsins fyrir sölunni á hlutum í félaginu. Stefndi hafi skuldbundið sig með ótvíræðum hætti gagnvart stefnanda til þess að kaupa Hljómco hf. við umsömdu verði.

2. Að stefnandi hafi að öllu leyti staðið við sinn hluta samningsins, þ. m. t. afhent allt hið selda, fengið staðfestingu erlendra umbjóðenda fyrir áframhaldandi viðskiptum, lánað félaginu fé í samræmi við samkomulag við stefnda og annað, sem skipti máli um efnidir á skyldum við stefnda. Stefnda sé því skylt að standa skil á umsömdu kaupverði, eins og það hafi verið ákveðið í samningi aðila, annars vegar með greiðslu á USD 231.884 og hins vegar með greiðslu á mismun á veltufjármunum og skuldum (þ. e. birgðum), sem málsaðilar séu ásáttir um, að nemi 5.644.701 kr.

3. Þá vísar stefnandi til niðurstöðu yfirmatsgerðar. Þar komist matsmenn

að þeirri niðurstöðu, að umsamið verð fyrir viðskiptavild félagsins, USD 231.884, sé eðlilegt verð miðað við þær eignir félagsins í umboðum og viðskiptasamböndum, sem ekki komi fram í bókhaldi þess.

4. Af hálfu stefnanda hafi engu verið lofað við kaupin, sem ekki hafi verið staðið við. Stefnandi hafi ekki lofað stefnda, að félagið skilaði honum tilteknum hagnaði eða ákveðinni arðsemi. Stefnandi hafi einungis skuldbundið sig til að láta reksturinn af hendi og þau viðskiptasambönd, sem félagið hafði yfir að ráða. Það hafi gengið eftir, og ekki sé ágreiningur um það.

5. Rekstrarafkoma félagsins, eftir að stefndi tók við rekstri þess, veiti engar vísbendingar um það, hverju stefnandi hafi lofað stefnda. Þar skipti mestu máli, að sá veldur, sem á heldur. Hafa verði í huga, að stefndi hafi rekið félagið frá 1. apríl 1995, en hafi jafnframt óskað eftir riftun og lækkun á umsömdu verði. Stefnandi hafi því haft hag af því að sýna afkomu félagsins sem lakasta, á meðan þessa ágreinings gæti. Því verði að líta algerlega fram hjá rekstrarafkomu félagsins frá apríl 1995 að því marki, sem hún sé stefnanda óhagstæð.

Krafist er dráttarvaxta af USD 231.884 frá 21. júní 1995 til greiðsludags, en þann dag hafði stefnandi orðið við öllum skilyrðum samkomulagsins frá 17. apríl 1995 til þess að öðlast rétt til umsaminnar greiðslu úr hendi stefnda.

Þá er krafist 6% ársvaxta af 5.644.701 kr. frá afhendingardegi félagsins 1. apríl 1995 til 1. ágúst s. á., en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

#### *Stefndi.*

Stefndi telur sig hafa fengið rangar upplýsingar um stöðu Hljómcos hf., þegar hann var að hugleiða kaup á félaginu, bæði hjá stefnanda, en einnig hjá Fimasölunni hf., sem annaðist sölu félagsins fyrir stefnanda.

Honum voru veittar þessar upplýsingar:

1. Að eignamyndun í fyrirtækinu væri á bilinu 3–5 millj. kr. á ári, miðað við þann rekstrargrunn, sem fyrirtækið væri á þá.

2. Að velta á ári væri um 126 millj. kr.

3. Að umboð þau, sem fyrirtækið væri með, væru á nokkuð traustum grunni og samskipti við þau verið góð.

4. Að fyrirtækið starfaði á heildsölugrunni og væri jafnframt með smásölu.

5. Að við afkomuspá væri miðað við þá framlegð, sem verið hafði.

Á grundvelli þessara upplýsinga hafi hann gert tilboð sitt í félagið 29. mars 1995 með þeim fyrirvörum, sem þar komi fram.

Við undirritun kaupsamnings 3. apríl 1995 hafi legið fyrir bráðabirgða-yfirlit um eignir og skuldir í árslok 1994, þar sem fram hafi komið, að hagnaður ársins 1994 hefði numið 322.190 kr. Honum hafi verið tjáð í því sambandi, að fyrirtækið hafi verið rekið með tapi fyrri helming ársins, en eftir eigendaskiptin í júlí 1994 hafi orðið breyting þar á og eignamyndun í rekstri frá þeim tíma verið á bilinu 3–5 millj. á ársgrundvelli, eins og yfirlýst hafi verið af hálfu Firmasölnunnar.

Samkvæmt kaupsamningnum hafi verið gert ráð fyrir því, að nákvæmt uppgjör á stöðu félagsins færi fram miðað við 1. apríl 1995 og því yrði lokið fyrir 1. maí 1995.

Uppgjör fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 1995 hafi legið fyrir 15. apríl 1995, en samkvæmt því nam tap á rekstri félagsins þetta tímabil 2.041.156 kr.

Með samkomulaginu frá 17. apríl 1995 hafi aðilar fallist á að halda áfram athugun málsins, og þar hafi verið gert ráð fyrir því, að nýr kaupsamningur yrði gerður, þegar búið væri að vinna nánar í tilgreindum málum, m. a., að endurskoðandi fyrirtækisins lyki við bókhald þess, svo að rétt uppgjör lægi fyrir. Í samkomulaginu komi einnig fram, að samningar geti gengið til baka.

Stefndi hafi síðan átt viðræður við erlenda birgja fyrirtækis, eins og ákveðið hafi verið í 2. grein samkomulagsins. Starfsmenn félagsins hafi síðan lokið birgðatalningu, en hvorki stefndi né Svavar Helgason hafi endurskoðað talninguna né tekið afstöðu til niðurfærslu varanna, eins og kveðið hafi verið á um í samkomulaginu.

Stefndi kvaðst hafa verið í tíu daga ferð í Bandaríkjunum, þegar endurskoðandi félagsins afhenti lokauppgjör þess 19. maí 1995. Eftir heimkomuna hafi hann ákveðið að rifta kaupunum með vísan til uppgjörins, eftir að hann hafði athugað málið. Hafi hann gert kröfu um, að stefnandi tæki þegar við rekstrinum og endurgreiddi honum þá fjármuni, sem hann hafði lagt til félagsins. Bréf þessa efnis hafi verið sent stefnanda í ábyrgð 14. júní 1995.

Stefnandi hafi hafnað riftunarkröfu stefnda og gert þá athugasemd við fram komið uppgjör, að hann væri ósáttur við verðlagningu lagersins og því viljað hlutast til um, að óvilhallir og hlutlausir menn verðlegðu hann. Að fengnu slíku mati yrði lagerinn færður niður um 2%, þ. e. tollvörugeymslulager, og heimalager um 7% í samræmi við samkomulagið.

Stefndi hafi ítrekað riftunarkröfu sína með bréfi, dags. 30. júní s. á. Stefnandi hafi reynst ófánlegur til að taka við rekstrinum að nýju. Því hafi hann tekið þá ákvörðun að halda áfram að leita eftir samkomulagi um málið fyrir milligöngu lögmanns síns, enda hafði hann á þessum tíma lagt mikið fé til félagsins. Með bréfi, dags. 27. júlí 1995, hafi stefnanda verið boðnir þrír valkostir, sem hann hafi hafnað. Samkomulag hafi síðan orðið um að

biðja um mat hlutlausra matsmanna til að skera úr um verðmæti félagsins og vörubirgða, eins og fram komi í matsbeiðni.

Stefndi styður kröfu sína um lækkun þeirri málsástæðu, að kröfur stefnanda séu allt of háar, þar sem hið selda sé mun minna virði en talið hafi verið, þegar kaupin voru ráðin. Stefndi hafi miðað kaupin við þá lýsingu, sem stefnandi og Firmsalan hf. gáfu á kostum félagsins, áður en kaupin voru afráðin, og miðað kauptilboð sitt við gefnar forsendur. Stefndi hafi ekki sýnt fram á, að félagið hafi verið rekið með hagnaði neitt tímabil frá 1. júlí 1994, eins og haldið hafi verið fram af hans hálfu við kaupin. Af þessum sökum beri stefnda afsláttur á kaupverðinu, sbr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

Stefndi hafi alla tíð haldið sig við þá fyrirvara, sem hann setti í kauptilboði sínu. Þessir fyrirvarar komi einnig fram í kaupsamningi og síðar samkomulagi aðila. Þeirri staðhæfingu stefnanda sé mótmælt, að stefndi hafi fallið frá fyrirvörum sínum við kaupsamningsgerðina. Þá sé mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefnda hafi verið kunnugt um allar bókhaldslegar forsendur Hljómcos hf. fyrir samningsgerðina. Gögn málsins sýni, að endanlegt uppgjör hafi ekki legið fyrir fyrr en 19. maí 1995. Þar sé hnekkð þeirri fullyrðingu stefnanda, að fyrirtækið myndi skila 3–5 millj. kr. eignaukningu árlega.

Enn fremur mótmælir stefndi þeirri staðhæfingu stefnanda, að hann hafi fallið frá öllum fyrirvörum sínum við gerð samkomulagsins 17. apríl 1995. Samkomulagið bendi ótvírætt til annars, sbr. ákvæðin um ólokið bókhaldsuppgjör, nauðsyn á gerð nýs kaupsamnings og að ekki sé víst, að úr samningnum verði. Lækkun kaupverðs sé ekki lengur til að dreifa, heldur hið gagnstæða, vegna hækkunar á gengi bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu. Einnig verði að líta til þess, að gert hafi verið ráð fyrir staðgreiðslu í stað láns, sbr. kaupsamning.

Stefndi hefur staðfest, að ekki sé lengur ágreiningur um verðmæti veltufjármuna félagsins að frádregnum skuldum, og viðurkennir að skulda stefnanda 5.644.701 kr. Sú fjárhæð sé reist á fyrirliggjandi matsgerðum að teknu tilliti til skuldbindinga stefnanda og Svavars Helgasonar samkvæmt samkomulaginu frá 17. apríl 1995 og greiðslna stefnda.

Stefndi áréttar þó, að mat starfsmanna félagsins á vörubirgðum félagsins, sem uppgjörð frá 19. maí 1995 hafi stuðst við, hafi verið rétt og eðlilegt, enda hafi þeir einir búið yfir nægilegri þekkingu á söluhæfi varanna til að geta lagt mat á verðmæti þeirra. Afstaða hans hafi ráðist af mati þeirra og þeirri reynslu, sem fékkst við sölu vörubirgðanna. Við kröfu stefnanda um greiðslu á USD 231.884 gerir stefndi þær athugasemdir, að tilboð, kaupsamningur og samkomulag málsaðila hafi af sinni hálfu byggt á þeim meginforsendum:

a) Að rekstur félagsins hafi og geti skilað eignamyndun upp á 3–5 millj. kr. á ári. Fyrirliggjandi uppgjör sýni, svo að ekki verði um villst, að stefnandi hafi gefið rangar upplýsingar um afkomu félagsins í lýsingu sinni á rekstrarafkomu þess 1994 og fyrstu þrjá mánuði ársins 1995. Stefndi hafi bersýnilega verið leyndur því, að þessa þrjá mánuði ársins 1995 hafi félagið verið rekið með umtalsverðu tapi og velta þess verið um 50% minni en sömu mánuði ársins á undan, þ. e. 22.264 þús. kr. 1995 á móti 42.367 þús. kr. 1994.

b) Í rekstri félagsins sé gert ráð fyrir, að félagið stundi heildverslun og smásölu. Miðað við markaðsstöðu fyrirtækisins geti álagningarforsendur þess ekki gefið þá eignamyndun, sem að hafi verið stefnt. Komi það berlega í ljós, ef vörur fyrirtækisins séu seldar í heildsölu.

Stefndi bendir enn fremur á í þessu sambandi, að sér hafi ekki tekist að ná fram þeirri eignamyndun, sem kauptilboð sitt hafi miðast við og sér verið heitið, þrátt fyrir verulegar endurbætur í rekstri félagsins. Þetta komi fram á fram lögðum reikningum félagsins fyrir árin 1995, 1996 og fyrstu sex mánuði ársins 1997.

Stefndi gerir eftirfarandi athugasemdir við málsástæður stefnanda til viðbótar því, sem þegar hefur verið tekið fram:

Hann mótmælir því, að uppgjör ársins 1994 hafi verið gert í samráði við sig og að hann hafi gefið endurskoðandanum fyrirmæli um gerð þess. Þá mótmælir stefndi þeim forsendum, sem bókhaldsfyrirtækið Keilir hf. reisti uppgjör sitt á. Enn fremur mótmælir stefndi sem röngum og örökstuddum leiðréttingum Keilis hf. á uppgjöri endurskoðanda félagsins á þriggja mánaða rekstrartímabili ársins 1995 svo og hugleiðingum starfsmanna Keilis hf. um rekstur tímabilsins 1. janúar til 30. september 1995. Stefndi bendir á í þessu sambandi, að stefnandi hafi sjálfur rekið félagið með tapi fyrstu þrjá mánuði ársins og ofmetnar birgðir bendi til þess, að útkoma ársins 1994 hafi verið ofmetin. Félagið hafi verið rekið með tapi bæði 1994 og fyrstu þrjá mánuði ársins 1995.

Loks mótmælir stefndi dráttarvaxtakröfu stefnanda með vísan til þess, að málsaðilar hafi sameiginlega ákveðið að leita eftir mati dómkvaddra matsmanna um ágreining sinn í máli þessu. Þegar niðurstaða undirmats hafi legið fyrir, hafi stefndi boðið fram fullnaðargreiðslu á grundvelli matsgerðarinnar, sem stefnandi hafi hafnað. Því hafi skilyrði fyrir töku dráttarvaxta ekki verið fyrr en eftir að yfirmatsgerð var lögð fram í þinghaldi 2. júní sl. Loks bendir stefndi á, að lager skyldi greiddur á 24 mánuðum samkvæmt kaupsamningi aðila.

*Forsendur og niðurstaða.*

Við aðalmeðferð málsins gáfu yfirmatsmennirnir Ragnar Tómasson hdl., Stefán D. Franklín og Þorsteinn Haraldsson skýrslu fyrir dóminum og einnig Stefán Sigtryggsson viðskiptafræðingur, sem annast hefur bókhald og reikningsgerð fyrir Hljómco hf., svo og Ólafur Torfason, fyrirsvarsmáður stefnanda, og stefndi, Magnús Gunnlaugur Friðgeirsson.

Verður nú tekin afstaða til málsástæðna málsaðila.

Kaupsamningur málsaðila og samkomulagið frá 17. apríl 1995 fól í sér kaup stefnda á öllu hlutafé í Hljómco hf., og skyldi verðmat byggjast á uppgjöri félagsins miðað við afhendingardag, 31. mars 1995. Verð hlutabréfanna skyldi ákvarðast annars vegar af öllu veltufé félagsins, þ. m. t. verðmæti vörubirgða, að frádregnum skuldum og hins vegar af umsömdu verði á öllum rekstri félagsins, viðskiptavild, lausafármunum o. fl., eins og áður er lýst.

Verður nú fjallað um hvorn þátt viðskiptanna fyrir sig.

*I. Veltufé að frádregnum skuldum, þ. m. t. vörubirgðir.*

Málsaðilar eru sammála um, að skuld stefnda samkvæmt þessum kröfulið nemi 5.644.701 kr., og reisa þá niðurstöðu m. a. á verðmæti vörubirgða samkvæmt undirmatsgerð, sem staðfest var af yfirmatsmönnum. Stefndi hefur sett fram það skilyrði fyrir greiðslu þessarar skuldar, að stefnandi afhendi víxil, að fjárhæð 4.005.016 kr., en ekki er ágreiningur um það, að stefnandi hafi greitt víxilinn. Stefndi bendir á í þessu sambandi, að víxillinn sé samþykktur af Hljómco hf., og því sé honum nauðsynlegt að fá hann í hendur, bæði til að fullnægja skilyrðum bókhaldslaga og ekki síður til að koma í veg fyrir, að hann komist í annarra hendur, sem gæti haft í för með sér hættu á tvígreiðslu hans.

Dómurinn lítur svo á, að ekki séu skilyrði til þess, eins og hér stendur á, að tengja greiðslu framangreindrar fjárhæðar við afhendingu þessa víxils, þegar það er virt, að fyrir liggur, að málsaðilar eru sammála um, að víxillinn sé greiddur í samræmi við ákvæði samkomulagsins frá 17. apríl 1995. Greiðandi víxilsins hefur rétt til varðveislu hans sem sönnun fyrir greiðslu sinni. Ef til þess kæmi, að kröfu yrði beint að Hljómco hf. á grundvelli víxilsins, fæli það í sér verulega vanefnd á samkomulagi málsaðila og endurkröfurétt stefnda á hendur stefnanda.

Málsaðila greinir einnig á um það í sambandi við þennan lið viðskiptanna, hvort og frá hvaða tíma dráttarvextir skuli reiknaðir.

Stefndi byggir á því í þessu tilliti, að ágreiningur hafi verið með málsaðilum um verðlagningu vörubirgða félagsins. Þeir hafi í sameiningu óskað eftir mati dómkvaddra matsmanna um mat á verðmæti vörubirgðanna. Mats-

gerð hinna dómkvöddu matsmanna sé dagsett 30. apríl 1996. Hafi hún verið lögð fram í málinu við fyrstu fyrirtekt þess 6. júní s. á. Þá hafi stefndi boðið fram greiðslu á grundvelli matsgerðarinnar, en stefnandi ekki treyst sér til þá að taka afstöðu til boðsins. Til þess sé einnig að líta, að stefnandi hafi ekki afhent framangreindan vixil, að fjárhæð 4.005.016 kr., sem stefndi eigi rétt á að fá í hendur.

Stefnandi heldur því aftur á móti fram, að ákveðið sé í kaupsamningi málsaðila, að stefndi skyldi greiða andvirði vörubirgða félagsins með þremur jöfnum greiðslum á fjögurra mánaða fresti auk 6% ársvaxta, fyrst fjórum mánuðum eftir að stefndi tók við rekstri félagsins 1. apríl 1995. Því hafi fyrsta greiðsla átt að fara fram 1. ágúst s. á. Ágreiningur um verðmæti vörubirgðanna breyti engu um greiðsluskyldu stefnda né heldur það samkomulag að óska sameiginlega eftir dómkvaðningu matsmanna um mat á verðmæti þeirra. Stefnandi hafi ekkert greitt, og því hafi öll fjárhæðin gjaldfallið, þegar vanskil stefnda urðu ljós 1. ágúst 1995. Dráttarvexti eigi því að reikna á alla fjárhæðina frá þeim tíma.

Dómurinn lítur svo á, að ágreiningur málsaðila um verðmat vörubirgðanna hafi verið svo djúpstæður, að rétt hafi verið að fá dómkvadda matsmenn til að meta verðmæti þeirra. Því hafi stefnda verið rétt að fresta greiðslu, þar til niðurstaða matsmanna lá fyrir, en matsgerð þeirra er dagsett 30. apríl 1996.

Stefndi skuldbatt sig til að greiða 6% ársvexti af verðmæti vörubirgða frá 1. apríl 1995, sbr. 4. gr. kaupsamnings málsaðila. Því þykir rétt, að umsamin fjárhæð, 5.644.701 kr., beri 6% ársvexti frá 1. apríl 1995 til 1. maí 1996, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Boð stefnda um greiðslu í þinghaldi 6. júní 1996 breytir engu að mati dómsins, þegar til þess er litið, að boðið var því skilyrði háð, að stefnandi félli frá frekari kröfum á hendur stefnda.

## 2. Viðskiptavild.

Stefndi byggir dómkröfur sínar í þessum þætti málsins á því, að upplýsingar þær, sem honum voru gefnar um framlegð Hljómcos hf. fyrir samningsgerð málsaðila, hafi ekki staðist. Þessar upplýsingar hafi verið ákvörðunarástæða fyrir kaupum hans á félaginu, eins og nánar er lýst hér að framan.

Stefndi vísar til niðurstöðu undirmatsmanna um verðmæti viðskiptavildar félagsins. Sú niðurstaða hafi staðfest það álit hans, að viðskiptavild sé tekjuhugtak, en ekki eignahugtak. Ljóst sé af þeim reikningsuppgjörum, sem fyrir lágu, eftir að kaupsamningur var gerður, að eignamyndun í fé-

laginu var engin, heldur hið gagnstæða, enda hafði það verið rekið með umtalsverðu tapi fyrstu þrjá mánuði ársins 1995. Hann hafi því ráðgert að rifta samningum, þegar uppgjörið 15. apríl s. á. sýndi mjög slæma rekstrar-niðurstöðu, en dregist þó á það að beiðni viðsemjenda sinna að endurskoða þá afstöðu sína, sem leitt hafi til samningsins 17. sama mánaðar. Í þeim samningi hafi hann einnig gert fyrirvara þess efnis, að kaupin kynnu að ganga til baka. Pennan rétt hafi hann reynt að nýta sér, þegar lokauppgjör-ið 19. maí s. á. sá dagsins ljós, en ekki náð fram þeirri ætlan sinni vegna af-stöðu stefnanda. Því beri að sýkna hann af kröfum stefnanda samkvæmt þessum lið eða a. m. k. að lækka umsamið kaupverð verulega, enda sé það reist á alröngum forsendum og röngum upplýsingum stefnanda og annarra, sem hann ber ábyrgð á.

Mál þetta er þannig vaxið, að stefndi gerði stefnanda kautilboð 29. mars 1995 og setti þar fram fyrirvara af ýmsu tagi fyrir því, að kaup gætu komist á, m. a. um könnun bókhaldsgagna. Staðfest er af báðum málsaðilum, að 2. apríl hafi legið fyrir bráðabirgðauppgjör fyrir árið 1994, sem sýndi hagnað, að fjárhæð 322.190 kr.

Kaupsamningur málsaðila er gerður 3. apríl s. á. Þar er enginn fyrirvari gerður af hálfu stefnda um riftun kaupanna, reynist upplýsingar rangar um árlega eignamyndun. Stefndi gefur þá skýringu á viðbrögðum sínum gagn-vart niðurstöðu bráðabirgðauppgjörins 2. apríl, að honum hafi verið veittar þær upplýsingar, að tap hafi verið af rekstri fyrirtækisins á fyrra helmingi ársins á undan, en undir stjórn Svavars Helgasonar hafi félagið skilað um-talsverðum hagnaði, sem hin áætlaða árlega framlegð væri reist á.

Það er álit dómsins, að sú rekstrarafkoma, sem fyrir lá við gerð kaup-samningsins, hefði átt að gefa stefnda fullt tilefni til að kanna frekar ástæð-una fyrir þessum slaka árangri, fyrst framlegðin var ákvörðunarástæða kaupanna af hans hálfu, enda liggur fyrir, að hann hefur mikla reynslu í við-skiptum og góða viðskiptaþekkingu. Við könnun á bókhaldi félagsins hefði raunveruleg staða þess að líkindum komið í ljós. Þá þykir fullvíst, að stefn-andi hafi ekki veitt stefnda umræddar upplýsingar gegn betri vitund, enda hafði hann skömmu áður fest kaup á félaginu og ekki haft rekstur þess með höndum.

Samkomulagið 17. apríl s. á. var gert í kjölfar bráðabirgðauppgjör, sem hlaut að hafa kollvarpað öllum fyrri hugmyndum stefnda um árlega fram-legð félagsins. Tilgangur samkomulagsins virðist hafa verið sá að auðvelda stefnda kaupin með því að bæta lausafjárstöðu félagsins og tryggja það, að hann fengi þau erlendu viðskiptasambönd, sem kaupsamningurinn frá 3. apríl tilgreindi, að félagið hefði yfir að ráða, enn fremur að ákveða, hvernig

verðleggja skyldi vörubirgðir félagsins. Lokaákvæði samkomulagsins í þá veru, að kaupin kynnu að ganga til baka, verður að skýra út frá forsendum sjálfs samkomulagsins, þ. e., að sú heimild yrði virk, ef stefnandi vanefndi þær skyldur, sem hann gekkst undir við gerð þess og/eða að stefndi næði ekki samkomulagi við tilgreinda erlenda framleiðendur (birgja). Í samkomulaginu tengir stefndi ekki saman ætlaða ákvörðunarástæðu sína um árlega framlegð og rétt til riftunar sammingsins eða lækkunar kaupverðs, staðist hún ekki, heldur er kaupverðið endurskoðað til lækkunar og breytt í bandaríkjadali.

Þegar það er virt, að stefndi lét hjá líða að gera sérstaka fyrirvara í framangreinda átt eða tengja kaupin því, að ákveðnar forsendur staðust við gerð samkomulagsins 17. apríl, þykir verða að hafna dómkröfum hans um lækkun, enda var þá komið í ljós, eins og áður segir, að tilgreindar ætlaðar meginforsendur fengu ekki staðist.

Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á, að umsamið kaupverð sé bersýnilega ósanngjarnt, sbr. niðurstöðu yfirmatsgerðar, eða í andstöðu við meginreglur samningalaga nr. 7/1936, né heldur hefur stefndi fært sönnur fyrir því, að stefnandi hafi vísvitandi gefið honum rangar og villandi upplýsingar við samningsgerðina eða leynt hann af ásettu ráði upplýsingum, sem kynnu að hafa mótað afstöðu hans til kaupanna.

Engu breytir að mati dómsins, þótt endanlegt uppgjör ársins 1994 og fyrsta ársfjórðungs 1995, sem fyrir lá 19. maí 1995, hafi sýnt enn lakari niðurstöðu en bráðabirgðauppgjórið frá 15. apríl s. á. Sá mismunur stafar að mestu af ólíkri meðferð vörubirgða félagsins, en kollvarpar ekki því bráðabirgðauppgjóri, sem samkomulagið frá 17. apríl s. á. var reist á.

Stefndi skuldbatt sig til að greiða USD 231.844 fyrir hlutafé Hljómcos hf. með samkomulaginu 17. apríl 1995 að fullnægðum nánar skilgreindum skuldbindingum, sem að stefnanda sneru.

Ekki er ágreiningur um það, að stefnandi hafi staðið við samkomulagið af sinni hálfu.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefndi dæmist til að greiða stefnanda USD 231.844.

Að framan er því lýst, að stefnda voru veittar mjög rangar og villandi upplýsingar um stöðu félagsins, áður en kaupin voru afráðin. Enda þótt stefndi hafi ekki gætt eðlilegrar varúðar við kaupin og eftirfarandi samninga, þykir þó einsýnt, að von hans um hagnað og endurgreiðslu kaupverðsins innan hæfilegs tíma hefur verið forsendan að kaupum hans á félaginu. Málsaðilar voru sammála um að leita eftir áliti dómkvaddra matsmanna á verðmæti viðskiptavildar félagsins. Að mati undirmatsmanna var ekki um

viðskiptavild að ræða í félaginu. Stefndi hafði því réttmæta ástæðu til að hafna greiðslu á grundvelli niðurstöðu undirmatsins.

Því þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda dráttarvexti, sem miðast skulu við ákvæði 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá dagsetningu yfirmatsgerðar 12. maí 1997 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 800.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til hlutdeildar stefnanda í kostnaði við undirmatsgerð.

Dóminn kvað upp Skúli J. Pálmason héraðsdómari ásamt meðdómendum Sigurði T. Magnússyni héraðsdómara og Sigurði Tómassyni, löggiltum endurskoðanda.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Magnús Friðgeirsson, greiði stefnanda, Kaupgarði hf., annars vegar 5.644.701 kr., auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1995 til 1. maí 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, en hins vegar USD 231.884, auk dráttarvaxta samkvæmt 11. gr. vaxtalaga frá 12. maí 1997 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 800.000 kr. í málskostnað.

---